

FUNDARGERÐ

154. stjórnarfundur KRAFT

154. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 23. ágúst 2023, kl. 20.00 á Google Meet.

Fundarmenn : Hinrik, Þórunn, Auðunn, María, Kristleifur, Lára og Laufey
Fjarverandi : Aron Ingi
Fundarritari : Laufey

1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

2. HM SKÝRSLA

Góð og öflug ferð. Vel að þessu staðið. Toppaðstæður, hótél og upphitun. Ferðin gekk í heildina ótrúlega vel. Hópurinn samhentur.

Stjórn KRAFT fagnar frábærum árangri landsliðsins.

3. IPF PING

Engar nýjar lagabreytingar eða reglubreytingar. Rætt um ýmis mál þmt. ný sambönd og hvort víkja eigi öðrum úr IPF. Endurnýjaður samningur við Eurosport. Unnið er hörðum höndum að koma sportinu á Ólympíuleikana.

4. NÆSTU LANDSLIÐSVERKEFNI

- Vestur-Evrópumótið (birta hópinn á heimasíðu KRAFT).
- HM unglunga í Rúmeníu
- NM unglunga í Noregi (16 unglingar)
- EM unglunga í klassískum kraftlyftingum í Ungverjalandi

5. FÉLAGASKIPTI

Félagsmaður KRAFT, Þorbjörg Matthíasdóttir, hefur óskað eftir undanþágu vegna félagaskipta. Skiptir úr Ármanni yfir í Stjórnuna. Stjórn KRAFT samþykkti einróma.

6. LANDSLIÐSBÚNINGAR

Viðræður við SBD. Eftir Sheffield komst hreyfing á að leyfa fleirum landsliðum að vera með í þessum pakka. Formaður KRAFT áframsendi á stjórn. Stjórn KRAFT samþykkti að fara í samningaviðræður við SBD, samningur til 4 ára.

7. HM Í BÚNAÐI

Verður haldið hér á landi á næsta ári. Er úrtökumót fyrir World Games 2025 um 200 keppendur á þessu ári og má búast við um 200-250 keppendur á næsta ári, 200-250 aðstoðarmönnum, stangarmönnum og dómurum.

2-3 keppnisstaðir sem koma til greina (Laugardalshöl, Miðgarður, Valsheimilið).

Skoða Hilton, Grand og Hotel Natura. Ræða við ÍSÍ, sveitarfélög og ráðuneytið

ÍSÍ getur aðstoðað við tengslanet auk þess að ræða við afrekssvið ÍSÍ. Festa þarf keppnisstað og hótél sem fyrst. Skoða með starfsmann til að aðstoða við skipulagningu.

ÍM í búnaði verður fyrirpart 2024 og verður úrtökumót fyrir HM.

8. SMÁÞJÓÐALEIKARNIR

Það er unnið að því að reyna að koma kraftlyftingunum á Smáþjóðaleikana. Erindið verður sent frá IPF en í forsvari fyrir því eru fjögur lönd sem eiga öll aðild að Smáþjóðaleikunum; Ísland, Luxemborg, Kýpur og Malta.

9. ÖNNUR MÁL

- Rætt um skipulagningu á NM unglunga (praktískt atriði ofl.).
- Girlpower 22. október. Ísland mun senda tilnefningu fyrir 22. september.
- Halda vinnufund á haustmánuðum, uppfæra mótareglur og önnur skjöl sbr. samþykktum á stjórnarfundum. Dagsetning rædd á næsta stjórnarfundum.

10. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

11. FUNDARLOK

Fundi slitið kl. 22.00